

Viðbrögð við slysum nemenda

1. Í skólanum er veitt fyrsta hjálp og minniháttar óhöppum er sinnt. Ef um augljóslega lítilsháttar meiðsl er að ræða þá á að búa um það og/eða að leyfa nemandanum að jafna sig í skólanum.
2. Ef um er að ræða meiðsl sem erfitt er að meta hvort það er lítilsháttar eða alvarlegt þá hringir viðkomandi starfsmaður í foreldra/forráðamenn og lýsir atvikinu og meiðslum eins ítarlega og hægt er. Ákvörðun um framhaldið er tekin sameiginlega af starfsmanni og foreldrum. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð er ávallt hringt í foreldra og þeir upplýstir um stöðuna. Grunnreglan er sú að foreldrar fylgi barni á heilsugæslu. Ef starfsmaður fylgir nemanda á heilsugæslustöð fer það eftir aðstæðum og fjarlægð heimilis frá skóla hvort og hvenær foreldri getur tekið við barni.
3. Ef um er að ræða bak- eða höfuðáverka er ávallt haft samband við foreldra og farið með barnið á heilsugæslustöðina til nánari athugunar og aðhlynningar.
4. Ef um er að ræða alvarlegri slys þá gildir eftirfarandi áætlun:
 - a. Sá sem kemur á vettvang metur ástand og kallar á hjálp eftir aðstæðum.
 - b. Sóttur sjúkrakassi – hringt á sjúkrabíl.
 - c. Skólastjóri eða umsjónarkennari tilkynnir foreldrum.
 - d. Umsjónarkennari tilkynnir samnemendum um slysið.
5. Öll meiðsli og slys sem verða á nemendum eru skráð á slysaskráningarblöð.
6. Ef slys er vegna þess að aðstæður bjóða upp á slíkt er öryggistrúnaðarmanni gert viðvart.
7. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins sem og upplýsingar um næstu aðstandendur.
8. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt í skólanum.
9. Ef barn er greint með alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu/lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að allir starfsmenn skólans og skólahjúkrunarfræðingur viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Endurskoðað og uppfært júní 2025